

## Samtals-lestur (dialogisk lesning)

Á móti hefðbundnum upplestri þar sem hinn fullorðni les og barnið hlustar, krefst samtals lestur þess að hinn fullorðni lesi á þann hátt að það skapi meiri málfarslega þátttöku frá barninu meðan lesið er. Við að hvetja barnið mállega meðan lesið er barnið örvað meira hreint þroskalega, sem sýnir árangur í betri málhæfni um leið og aðferðin örvar óhlutbundna hugsun barnsins. Samtals lestur er hægt að nota markvisst til að styðja við ákveðna afmarkaða þætti eins og orðaforða og álíka þætti, en líka sem umræðu grundvöll og til að byggja upp góð og lærdómsrík samtöl.

Samtalslestur er einföld og áhrifarík aðferð til að styrkja mismunandi þætti málþroskans og er auðvelt að aðlagða aðferðina að uppeldisþáttum í leikskólum. Það að samtalslestur hafi einnig góð áhrif á börn með erfiðleika í málþroska þýðir að hægt er að örva þau sérstaklega í gegnum samveru sem flestum börnum finnst hvetjandi, uppörvandi og skemmtilegt. Að nota samtalslestur með áherslu á grunnþætti málsins er aðferð sem gengur út frá mállegri getu hvers einstaks barns, þegar kennarinn er meðvitaður um hvernig hann styrkir hvern einstakling með þeim hætti sem hann sjálfur notar málið. Það að foreldrar geta einnig notað samtalslestur, gerir aðferðina sérstaklega notadrjúga.

Samtalslestur felst í, eins og orðið gefur til kynna, tveimur aðgerðum: samtali og lestri. Aðferðin byggir í upphafi á þremur yfirhugtökum sem nota má allt lestrarferlið.

- Notið tækni sem hvetur/örvar barnið meðan lesið er (spyrjið barnið spurninga)
- Gefið hámarks upplýsandi endurgjöf meðan lesið er (túlkið og útvíkkið það sem barnið segir)
- Styðjið við barnið sem næst þroskastigi þess.

Þegar þessir punktar eru settir í uppeldislegt samhengi lítur þetta svona út:

Á undan lestrinum:

- Lestu bókina áður en þú lest hana fyrir börnin. Hugsaðu um hvað þú ætlar að tala um og spyrja nánar út í.
- Lestu í rólegum og öruggum aðstæðum (afslappandi andrúmsloft)
- Kynntu bókina fyrir börnunum: talaðu um forsíðuna, baksíðuna. Hvað ætli bókinn fjalli um? Hvað ætli standi utan á bókinni? Segið frá hver höfundurinn er og hver myndskreytir.
- Notið opnar spurningar um útlit bókarinnar.
- Leyfið e.t.v. börnunum að handleika hluti sem hafa sérstaka þýðingu í sögunni.

Á meðan lesið er:

- Hlustið á barnið og verið opin fyrir spurningum á meðan lesið er. Þegar börnin spyrja stoppið lesturinn og talið við þau um möguleg svör.
- Fylgið forvitni barnsins, verið til staðar, spyrjið út í áhugamálin og bíðið eftir svörum þeirra. Hlustið á svörin og dragið þau eins og hægt er inn í samtalið.
- Gerið börnin að meðsegjendum.
- Við endurlestur: hvetjið börnin til að segja frá því sem þau muna, t.d. út frá myndunum. Hjálpið börnunum að setja orð á frásögnina, ef þau muna ekki réttu orðin og atburðina. Útskýrið þau orð sem barnið þekkir ekki og bætið við nýjum orðum.

Eftir lesturinn:

- Talið við börnin um innihaldið, einnig eftir að bókinni er lokað. Notið nýju orðin sem bókin inniheldur- því oftast sem barnið heyrir orðin því meiri líkur á að það muni þau og noti þau sjálf.

Á meðan á öllu þessu stendur er mikilvægt að samtalið sé notað markvisst og að börnin fái að tala. Það er einnig hægt að bæta við með því að endursegja, mismunandi samtölum eða jafnvel að leikgera söguna.

HB